



FRÉTTABRÉF

með fréttum frá Íslendingum í Noregi

Íslenski söfnuðurinn í Noregi

Nóvember 2019

Íslenskumælandi eftir einungis þrjú ár

Birgit Djupedal, stjórnandi Ískórsins, er 25 ára tónlistarkona frá Bodø í Noregi. Birgit flutti til Oslóar í sumar, eftir þriggja ára búsetu á Íslandi þar sem hún var í mastersnámi í tónsmíðum í Listaháskólanum.

Það er ofboðslega gaman að hlusta á Birgit tala því hún talar nánast fullkomna íslensku. Hún segist kunna svona mikla íslensku vegna tónlistarinnar. „Ég fór beint í kór og fór að syngja á íslensku“ segir hún og finnst hún hafa verið heppin með að hafa eignast þolinmóða vini sem voru duglegir að bjóða henni í kaffi og hlustuðu á hana þróa íslenskuna sína frá barnamáli. Birgit talar um að mesti munurinn á milli Íslands og Noregs sé að Norðmenn mæta alltaf á réttum tíma og eru skipulagðir fram úr hófi. Íslendingar eru frekar óskipulagðir með „þetta reddast“ hugafarið. „Það þyrfti kannski að blanda saman hugafari Norðmanna og Íslendinga, þá yrði fullkomin manneskja til“.

En hvernig kom það til að hún fór að stjórna Ískórnum? „Mig langaði að viðhalda íslenskunni og hef mikinn áhuga á íslenskri menningu. Ég vissi að það var íslenskur kór í Kaupmannahöfn og það hlaut að vera svoleiðs hér í Osló líka. Íslendingar eru svo duglegir að halda utan um menninguna sína, mikið duglegri en Norðmenn“ Hún fann því Ískórinn, sem vantaði kórstjóra, sótti um starfið og fékk það. Birgit stjórnar einnig kvennakórnum Cantus Cordi. Hún semur tónlist, er píanó- og orgelleikari og spilar á langspil. Nú er hún á fullu að skipuleggja tónleika sem verða haldnir í Haslum kirke þann 15. desember kl 18:00. Á tónleikunum koma fram þrír kórar, Ískórinn, kvennakórinn Cantus Cordi og söngflokkurinn Laffí. Birgit skorar á fólk að koma og njóta jólatónlistar í miðju adventuamstrinu.

Að lokum vill Birgit minna á að það eru allir velkomnir að vera með í Ískórnum. „Ef þú hefur gaman að því að syngja ertu velkomin á æfingu og prófa. Þú þarft ekki að geta lesið nótur. Þú þarft bara að hafa áhuga á tungumálinu og vilja syngja á íslensku.“ Æfingar eru á miðvikudögum kl 18:00-20:30 í Ólafiustofu.



Birgit Djupedal

Mynd: Emil Holm



Kóranir þrjár á æfingu á dögnum

Mynd: aðsend

Dagskrá Íslenska safnaðarins í desember 2019

1. desember Fermingarfræðsla kl. 11 í Ólafíustofu, Osló
Aðventuhátíð kl. 14 í Uranienborg Menighetshus, Daasgate 17, (gengið inn frá Uranienborgveien), Osló
3. desember Krakkaklúbbur- piparkökubakstur í Ólafíustofu kl 16:30-18:30. Osló
Jóla, jóla! Jólakósý, jólasmiðja og jólaglögg í Ólafíustofu kl. 19-21. Osló
5. desember Krílakaffi kl. 11-13 í Ólafíustofu – Laufabrauðsútskurður, kaffi og spjall. Osló
7. desember Jólamessa og jólaball kl. 13 í Skjold kirke í Bergen
Jól í Osló. Jólatónleikar með íslensku tónlistarfólki, búsettu í Noregi. Nordic Black Theatre & Cafeteatret, Osló
8. desember Jólástund og jólaball kl. 14 í Lura Bydelshus í Stavanger
12. desember Jólafundur 60+. Jólaveisla með íslensku hangikjöti, upplestur úr Aðventu eftir Gunnar og jólalög og góð stemning! kl. 12-14 í Ólafíustofu í Osló
13. desember Ungmennafundur – jólastemning kl. 17 í Ólafíustofu í Osló
14. desember Jólamessa og jólaball kl. 15 í Hellemyr kirke í Kristiansand
15. desember Jólamessa og jólaball kl. 14 í Sandar Menighetshus í Sandefjord
17. desember Krakkaklúbbur- jólastemning kl 16:30- 18:30 í Ólafíustofu í Osló
21. desember Jólamessa og jólaball kl. 14 í Bakke kirke í Trondheim
26. desember Jólamessa og jólaball kl. 15 í Bøler kirke í Osló

Birt með fyrirvara um breytingar, fylgist með á facebooksíðu safnaðarins



Æfingar í Ólafíustofu

Mynd: aðsend

Jól í Osló - jólatónleikar

Íslenskt tónlistarfólk búsett í Noregi í samstarfi við Íslenska söfnuðinn í Noregi og íslenska sendiráðið bjóða til veglegra jólatónleika þann 7. desember. Tónleikarnir verða haldnir í Nordic Black Theatre, Hollendergata 8, Osló. Uppselt er á tónleikana kl 21 en ennþá eru til miðar á aukatónleikana kl 17:30. Miðaverð er 300kr og miðasalan fer fram á deltager.no

Fjölskyldudagur í Þrándheimi

Á dögunum fórum við Inga í skemmtilega ferð til Þrándheims með kerti, sauðskinnskó, lamb og tvær pönnukökupönnur í ferðatöskunum. Tilgangur ferðarinnar var að vera viðstaddar og vera með í að koma af stað barna- og æskulýðsstarfi þar í bæ. Þar var einnig mættur Guðjón Andri Rabbevåg Reynisson sem nýlega bættist í starfsmannahóp safnaðarins. Guðjón flutti til Álasunds fyrir ári síðan ásamt konu sinni og syni, og hefur tekið að sér að halda utan um barna og æskulýðsstarf þar, ásamt því að vera þeim sem hafa áhuga á að taka slíkt að sér innan handar.



Hugmyndina og frumkvæði að fjölskyldudeginum átti Elfur Helgadóttir sem búsett er í Þrándheimi, og vildi hún með honum kynna sig og hugmyndir sínar um að fara af stað með barna og unglingastarf þar. Viðburðurinn sem um ræðir var Fjölskyldudagur með kaffi og kósý, leikjum og skapandi verkefnum fyrir börnin. Dagurinn hófst á Sögustundinni um Jólin hans Hallgríms, en það er hugljúf og spennandi sögustund sem Inga hefur unnið uppúrbókinni Jólin hans Hallgrímseftir Steinunni Jóhannesdóttur. Bókin er söguleg skáldsaga sem segir frá adventunni árið 1621 þegar Hallgrímur Péturson var sjö ára gamall. Sagan lifnar við í frásögn Ingu sem syngur og lifir sig inn í söguna ásamt því að nýta fjölda leikmuna. Þar á meðal leggi og vökur, kertaljós og ekki minnst lamb í fullri stærð (ekki lifandi þó) sem vakti áhuga margra. Húsnæðið sem Elfur hafði fundið fyrir viðburðinn myndaði skemmtilegan ramma utan um söguna en salurinn, sem var í kjallara í porti gamallar húsaþyrpingar, minnti einna helst á baðstofu þar sem börnin ásamt foreldrum

sínum sátu þétt saman upp við veggina og hlustuðu á söguna. Að sögustund lokinni var boðið upp á kaffi og íslenskar pönnukökur



sem runnu ljúflega niður og skapandi verkefni og leiki fyrir krakkana. Yfir kaffinu ræddi Elfur um hugmyndir um barna og æskulýðsstarf og hvað væri hægt að gera og hvar þörfin væri. Við vorum hæst ánægð með mætinguna eftir daginn, hittum fullt af jákvæðum og hressum



börnum og foreldrum, og Elfur er spennt að fara af stað með barnastarfið eftir áramót. Það verða hittingar að jafnaði einu sinni í mánuði og að sjálfsögðu auglýst vel bæði dagsetning og staður. Við Inga og Guðjón nýttum svo síðustu tímana okkar vel í Þrándheimi eftir að hafa gengið frá og kvatt Elfi og skoðuðum okkur örlítið um áður en myrkrið skall á og það er klárt mál að við þurfum að koma aftur sem allra fyrst bæði til að hitta skemmtilega Íslendinga og skoða þennan fallega bæ og það sem hann hefur uppá að bjóða.

Berglind Gunnarsdóttir



Brune pinner með heitu súkkulaði

Mynd:Júli

Brune pinner

Ég er svo heppin að fá að vera í heimilisfræði einu sinni í viku. Í síðustu viku var jólabakstur og ég bakaði norskar smákökur í fyrsta skiptið. Þá fékk ég að smakka mínar uppáhalds smákökur „Brune pinner“. Ég kom heim þennan dag, sagði mömmu frá og bakaði aftur. Öllum á heimilinu fannst þetta mjög góðar kökur og varð ég því að deila uppskriftinni með ykkur.

Gangi ykkur vel með baksturinn og verði ykkur að góðu!

Júli Hjaltadóttir -14 ára

Innihald:

- 200 g smjörlíki
- 200 g sykur
- 300 g hveiti
- 1 msk sýróp
- 1 msk súrmjólk
- 1 tsk vanillusykur
- 1 tsk natron
- 1/2 tsk kanill
- 1 stk eggjarauða

Ofaná:

- 1 stk eggjahvíta
- 1 dl möndlur
- 1 dl sykur

Aðferð:

1. Hitið ofninn í 170°C á blæstri
2. Hrærið smjör og sykur saman þar til blandan verður ljós og létt.
3. Bætið eggjarauðunni út í og hrærið saman.
4. Blandið restinni af innihaldinu í skálina og hnoðið saman.
5. Skiptið deiginu í 6 parta og þrýstið út með fingrunum (ca. 4-5mm þykkt)
6. Penslið með eggjahvítunni og stráðið sykri og söxuðum möndlum yfir kökurnar.
7. Bakið kökurnar hátt í ofninum í 10-12 mínútur.
8. Skerið í 1,5-2 cm breiðar stangir á ská á meðan kökurnar eru heitar.

NORDISK
JUL

Cantus Cordi
Ískórinn
Laffi vokalensemble

Julekonsert
Haslum kirke 15.12. Kl 18

Hvað langar þig í jólagjöf?



Við erum búin að fá mörg góð tækifæri til að hittast og efla samfélagið í haust, en guðsþjónustur, skírnir og viðburðir hafa verið haldnir í Osló, Kristiansand, Sandefjord, Trondheim, Drammen, Balestrand, Eidsberg og Lillesand á síðustu mánuðum. Þetta er samt vonandi bara byrjunin, því við sem störfum fyrir Íslenska söfnuðinn viljum leggja okkur fram um að efla tengsl Íslendinga um allt land. Á aðventunni gefst einmitt gott tækifæri til þess og búið er að skipuleggja messur, jólaböll, aðventustundir og/eða jólagleði í Bergen, Stavanger, Kristiansand, Sandefjord og Trondheim á aðventunni auk aðventuhátíðar og jólagleði í Osló.

Þessi fallegi tími kærleika og friðar er að ganga í garð og ég vona svo sannarlega að hann sé það í þínu lífi - tími kærleika og friðar. Við setjum kertaljós út í glugga, kveikjum á seríunum

og dáumst að ljósadýrðinni. Og við megum svo sannarlega gleðjast eins og börn yfir smákökum og jólastússi en við megum ekki missa sjónar á því sem mestu skiptir. Gleymum ekki að varðveita friðinn og vera sáttfús, gleymum ekki að hvíla okkur, gleymum ekki að huga að hvert öðru. Myrkrið grúfir oft yfir hjörtum manna og við megum ekki gleyma að hátíð ljóss og friðar snýst ekki um glitrandi glanspappír heldur um að kveikja ljós hið innra, okkar eigið ljós og hjá öðrum. Við höfum fyrir löngu fundið út að það að gleðja aðra og gefa með okkur gerir einmitt það. En hvað ef við gefum kannski aðeins minna af efnislegum hlutum og aðeins meira af óáþreifanlegum gjöfum? Hvað ef við gefum tíma og samveru, samtal, þrjónakvöld, göngutúr, heimsókn eða pössun í jólagjöf? Hvað ef við gefum hvert öðru að vera ekki útkeyrð, ekki stressuð og ekki skuldum vafin á hátíð kærleikans? Þegar ég var lítil og spurði pabba minn hvað hann langaði í jólagjöf sagði hann alltaf – Ekki neitt! Bara ást og frið! Hvað ef við gefum bara einmitt ást og frið í jólagjöf? Þó ég sem barn hafi ótrúlega oft pirrað mig yfir svári föður míns, þá er ég þakklát fyrir það núna. Ef við gefum meiri ást og frið veit ég að heimurinn verður betri og við verðum betri manneskjur. Litla Jesúbarnið sem fæddist í fátækt minnir okkur á að lífið sjálft er stærsta gjöfin, að stærsta gjöfin, stærsta vonin, skærasta ljósið er einmitt hið innra með þér.

Aðventa þýðir að vænta, að vona. Hvað vonar þú í hjarta þínu? Hvað viltu að þessi árstími færi þér? Hvaðaspor viltu að liggj eftir þig eftir aðventu og jólahátíð? Og hvað langar þig í jólagjöf?

Með ósk um gleðilega, kærleiksríka og friðsæla aðventu!

Inga

Ísold Hekla Apeland- Jólatónleikar

Ísold Hekla heldur jólatónleika í Gamle Nabo, Jessheim, þann 14. desember kl 19.

Ísold er 18 ára, hálfur Norðmaður og hálfur Íslendingur. Hún er á þriðja ári á tónlistarbraut í Jessheim vgs.

Verið velkomin á jólatónleika í Jessheim. Aðgangur er ókeypis.



Ísold Hekla

Mynd: Jan Ivar Hansen-Bergli

Spurning mánaðarins: Hvað finnst þér best við aðventuna?



Kolbrún Ýr Harðardóttir:
Kertaljós



Ingvar Ingólfsson:
Smákökur og kertaljós



Þórunn Hafsteinsdóttir:
Kósý stemning, með
kertaljós, piparkökur
og jólalög



Björn Hallbeck:
Kósý inni með kertaljós-
veturinn næðir úti



Sandra Rún Jóhannesdóttir:
Að búa til jólaskraut, borða
piparkökur
og drekka kakó.



Gospelsystur syngja inn jólin

Gospelsystur undir stjórn Gróu Hreinsdóttur bjóða til jólatónleika, mánudaginn 9. desember. Tónleikarnir verða í Tangen kapellu í Drammen og hefjast kl 20. Boðið verður uppá heimalagað glögg og piparkökur. Aðgangur er ókeypis en tekið verður við frjálsum framlögum með vipps. Allir velkomnir!

Ólafíusjóður



Hjálparsjóður fyrir nauðstadda Íslendinga í Noregi. Hægt er að styrkja sjóðinn með framlögum á vipps 580447 eða með því að millifæra inn á reikning 1506 30 91135. Umsóknir sendast á olafiusjodur@kirkjan.no

Jólastund í Bergen

Verið hjartanlega velkomin á Jólahátíð sem verður haldin laugardaginn 7. desember í Skjold kirke í Bergen.

Dagurinn verður skemmtilegur, hlýr og hátíðlegur með mikilli tónlist, jólasálmum og söngvum og jólaballi. Jólahátíðin hefst kl. 13 með aðgengilegri og ljúfri jólaguðsþjónustu fyrir alla fjölskylduna, og að henni lokinni er jólaball í safnaðarheimilinu, gengið í kringum jólatré og hver veit nema jólaleyngestur mæti á svæðið með góðgæti í poka?

Sönghópurinn Björgvin og Tanja Johansen organisti sjá um tónlistina í kirkjunni. Félagar úr sönghópnum sjá einnig um jólaballið.

Verið hjartanlega velkomin!



FRÉTTABRÉF
Með fréttum frá Íslendingum í Noregi

Netfang: frettabref@kirkjan.no

Ritstjóri: Freydis Heiðarsdóttir

Ábyrgðarmaður: Katla Sveinbjörnsdóttir

Útgefandi: Íslenski söfnuðurinn í Noregi

60+ í Nationaltheatret



Einu sinni í mánuði, þ.e. annan fimmtudag hvers mánaðar, hittist 60+ í Ólafíustofu til að eiga saman notalega gæðastund. Samverustundirnar 60+ hópsins hefjast kl 12 með stuttri bænastund áður en boðið er uppá hádegisverð, kaffi og köku. Hægt er að skrá símanúmerið sitt á lista til að fá skilaboð um næstu samveru en einnig er hægt að fylgjast með á facebook síðu safnaðarins.

Sýningin var aðeins í lengri kantinum en félagsskapurinn var góður. Næsti hittingur verður 12. desember kl 12. Þá ætlum við að eiga notalega jólastund saman og borða hangikjöt og meðlæti. Ekkert kostar að vera með en tekið er á móti frjálsum framlögum í Ólafíusjóð, hjálparsjóð fyrir nauðstadda íslendinga í Noregi, við hádegisverðinn. Verið hjartanlega velkomin að bætast í hópinn!



Í nóvember átti hópurinn saman góða stund yfir íslenskri bíómynd. Einnig fór hópurinn saman í boði safnaðarins í leikhús á verkið "Forelska i Shakespeare", sem er gamanleikur gerður eftir hinni margverðlaunuðu og geysivinsælu kvikmynd "Shakespeare in love" frá 1998.

Jólahátíð í Þrándheimi

Verið hjartanlega velkomin á Jólahátíð sem verður haldin laugardaginn 21. desember í Bakke kirke í Þrándheimi.

Dagurinn verður skemmtilegur, hlýr og hátíðlegur með mikilli tónlist, jólasálmum og söngvum, jólaballi og jólatónleikum! Jólahátíðin hefst kl. 14 með aðgengilegri og ljúfri jólaguðs-þjónustu fyrir alla fjölskylduna, og að henni lokinni er jólaball í safnaðarheimilnu,

gengið verður í kringum jólatré og hver veit nema jólaleyningestur mæti á svæðið með góðgæti poka?

Kór Kjartans sér um sönginn við undirleik Björns Leifssonar. Íslendingafélagið sér um kaffið og jólaballið.

Verið hjartanlega velkomin!



Kollukossar

Innihald:

- 1 kg hveiti
- 200 g sykur
- 500 g sýróp
- 500 g smjörlíki (mjúkt)
- 1 tsk negull
- 2 tsk kanill
- 1 tsk natron
- 2 stk egg

Aðferð:

1. Negul, kanil, natron og sykri blandað saman við hveitið.
2. Smjörlíki, sýrópi og eggjum blandað saman við.
3. Hnoðað í hrærivél (ef slík er til) og síðan hnoðað í höndunum í lokin.
4. Látið standa í ískáp yfir nótt.
5. Fletjið út frekar þunnt og notið t.d. glas eða falletgt mót til að skera út kökur.
6. Kökurnar eru bakaðar á blæstri við 180° í ca 10 mín

Krem:

- 500 g smjörlíki (mjúkt)
- 1 kg flórsykur
- 2 stk egg
- 1 tsk vanilludropar

Aðferð:

1. Blandið öllu saman í hrærivél
2. Kökurnar eru lagðar saman tvær og tvær með kreminu á milli.



Kossar með ískaldri mjólk

Mynd: freydisfoto

Fyrir hver jól talar maðurinn minn um Mömmukossana sem hann fékk hjá Kollu ömmu sinni. Ég hef aldrei lagt í að baka þessar kökur handa honum. Í fyrra fékk hann sendingu frá ömmu sinni og afa á Akureyri, fullt box af ljúffengum Mömmukossum. Gleðin leyndi sér ekki hjá mínum manni og sat hann á þeim eins og fjársjóði. Nú í ár hringdum við í ömmu Kollu og fengum uppskrift og ákváðum að prófa að spreyta okkur sjálf á kökunum. Öll fjölskyldan fékk að taka þátt, sumir þó einungis til að smakka. Við vorum öll alsæl með afraksturinn, þó sérstaklega eiginmaðurinn. Ég vona að ykkur finnist þær jafn góðar og okkur.

Gangi ykkur vel og verði ykkur að góðu.

Freydís

Jólasamvera í Stavanger

Jólasamvera Íslenska safnaðarins í Noregi og Íslendingafélagsins í Stavanger verður sunnudaginn 8. desember kl 14-17 í Lura Bydelshus, Prinsens vei 14A, í Sandnes.

Þar ætlar sr. Inga Harðardóttir að segja frá Jólunum hans Hallgríms og hvernig jólin voru í gamla daga.

Svo fönndrum við stjörnur og engla, kveikjum á aðventukransinum og leikum okkur með leikföng eins og leggi og völor.

Jólaballið verður fjörugt og skemmtilegt, Birgit Djupedal spilar undir, allir syngja með og hver veit nema Jólispóli Kertasníkir mæti á svæðið.

Svo verður auðvitað heitt á könnunni og kaffihlaðborð að hætti Íslendinga! Verið hjartanlega velkomin



Guðbjörg og Jónína

Mynd: Úr einkasafni

Guðbjörg og Jónína

Söngkonurnar Jónína G. Aradóttir og Guðbjörg Magnúsdóttir, ásamt Gróu Hreinsdóttir píanóleikara eru að fara að halda tónleika víða um Noreg í nóvember og desember.

Þær eru allar búsettar í Noregi og langar að deila uppáhalds jólalögnum sínum með sínum einstöku röddum.

Lögin eru bæði íslensk og erlend en eru öll með íslenskum texta.

Verið hjartanlega velkomin á jólatónleika í

Bergen 12. desember

Stavanger 13. desember

Kristiansand 14. desember

Hægt að finna fleiri upplýsingar um viðburðina á www.facebook.com/Gudbjorgogjonina



Marína og Stína

Mynd: Magnús Andersen

Hjörtun okkar jóla

Íslensku jazzsöngkonurnar Stína Ágústsdóttir og Marína Ósk hafa fléttað saman jazzlykkjur sínar og galdrað fram norrænt jólagull! Í samstarfi við gítarleikarann Mikael Mána Ásmundsson hafa þær útsett og samið íslenska texta við jólalög frá Svíþjóð, Finnlandi, Noregi, Danmörku og Íslandi. Útsetningarnar eru hlustendavænar, hugljúfar og fallegar og fram tilfinningu hins norræna veturs á lýsandi og passandi hátt. Í ágúst voru 10 lög tekin upp og nú skal þessari nýju jólaplötu, "Hjörtun okkar jóla", fagnað með tónleikum í SALT Art & Music í Osló, fimmtudaginn 5. desember kl 20. Leikin verða öll lögin á plötunni auk nokkurra vel valdra vetrargersema.

Almennt verð kr. 200.- Námsmenn
kr.150.- miðasala á www.universe.com

Jólahátíð í Kristiansand

Verið hjartanlega velkomin á Jólahátíð sem verður haldin laugardaginn 14. desember í Hellemyr kirke í Kristiansand.

Dagurinn verður skemmtilegur, hlýr og hátíðlegur með mikilli tónlist, jólasálmum og söngvum og jólaballi! Jólahátíðin hefst kl. 15 með aðgengilegri og ljúfri jólaguðsþjónustu fyrir alla fjölskylduna, og að henni lokinni er jólaball í safnaðarheimilinu, gengið í kringum jólatré og hver veit nema jólaleynigestur mæti á svæðið með góðgæti í poka?

Messuna leiða sr. Inga Harðardóttir og Margrét Ólöf Magnúsdóttir djákni, Gróa Hreinsdóttir leikur á píanó og söngkonurnar Guðbjörg Magnúsdóttir og Jónína Aradóttir taka lagið í messunni. Íslendingafélagið býður í kaffi og veitingar á jólaballinu.

Verið hjartanlega velkomin að vera með!

Laufabrauð í królakaffi



Á fimmtudag ætlum við að skera út laufabrauð og eiga notalega aðventustund saman.

Boðið verður uppá kaffi, glögg og gúmmelaði - en þið megið gjarnan taka með bretti og hníf og laufabrauðsjárn, ef þið eigið. Góðir gestir úr 60+ ætla að mæta með aukahendur og reynslurík handtök til að steikja laufabrauðið, eða halda á börnum á meðan foreldrar skera út svo kannski ættum við bara að kalla þetta Kynslóðakaffi á morgun?

Hlökkum mikið til að sjá ykkur!

Kærleikskveðja, Inga og Berglind

Krakkaklúbbur í Osló

Ákveðið hefur verið að breyta TTT (tíu til tólf ára) í krakkaklúbb fyrir öll börn á grunnskólaaldri. Við ætlum að hittast annan hvorn þriðjudag frá 16:30 til 18:30 í Ólafíustofu, Pilastredet Park 20, Osló. Umsjón með krakkaklúbbnum hafa Freydis Heiðarsdóttir, Inga Harðardóttir og Elín Björg Eyjólfssdóttir.

Þriðjudaginn 18. desember ætlum við að hittast og eiga fjöruga stund saman í leikjum.

Við hlökkum til að sjá fjöruga krakka í Ólafíustofu!



Ungmennahittingur í Osló

Annan hvern föstudag er líf og fjör í Ólafíustofu á hittingi fyrir ungmenni í Osló og nágrenni.

Þarna er góður andi vináttu og kærleika sem skiptir mestu máli en svo er líka bara svo gaman að hitta jafnaldra sína, elda mat, fíflast smá og æfa íslenskuna. Það er alltaf boðið upp á einhverja hressingu (pizzur, vöflur, pylsur, taco ofl.) og svo er eitthvað skemmtilegt gert, t.d. farið í leiki, keppni eða þrautir, spilað, spjallað, bakað eða fönðrað en dagskráin er ávallt gerð í samráði við hópinn. Meðlimir hópsins eru á aldrinum 13-20 ára og umsjón hafa Rebekka Ingibjartsdóttir og Lilja Margrét Ómarsdóttir. Ungmennahópurinn er með eigin síðu á facebook sem heitir *Ungmennahópur Íslensku kirkjunnar í Noregi*. Hópurinn hittist kl. 17.30-20.00 á föstudögum og næsti hittingur er 13. desember.



Íslenski söfnuðurinn í Noregi

Opið virka daga kl. 10.00-14.00.

Sími:

22 36 01 40

Ólafíustofa:

Pilestredet Park 20, 1. hæð 0176 Osló

Veffang:

www.kirkjan.no

Netfang:

starfsmadur@kirkjan.no

Sóknarprestur:

Inga Harðardóttir

Sími:

40 55 28 00

Netfang:

prestur@kirkjan.no

Viðtöl eftir samkomulagi

Jólastund í Sandefjord

Verið hjartanlega velkomin á Jólahátíð sem verður haldin sunnudaginn 15. desember í kapellu Sandar kirke í Sandefjord.

Dagurinn verður skemmtilegur, hátíðlegur og hlýr með mikilli tónlist, jólasálmum og söngvum og jólaballi. En hljóm sveitin Jólahúnarnir ásamt Brynju Ósk Víðisdóttur og Söru Ólafsdóttur sjá um tónana.

Jólahátíðin hefst kl. 14 með aðgengilegri og ljúfri jólaguðsþjónustu fyrir alla fjölskylduna í umsjá Ingu Harðardóttur og Margrétar Ólafar Magnúsdóttur. Aðhenni lokinni er jólaball í safnaðarheimilinu. Þar verður gengið í kringum jólatré og hver veit nema jólaleyngestur mæti á svæðið með góðgæti í poka?



Mynd mánaðarins- Brynjar Sverrir Guðmundsson



Brynjar Sverrir Guðmundsson býr í Tresfjord, sem er mitt á milli Ålesund og Molde i Møre og Romsdal, ásamt fjölskyldu sinni en þau fluttu til Noregs árið 2015.

Brynjar er menntaður málari og margmiðlunarhönnuður. Hann heldur úti vefsíðunni www.grafiskdesigner.net. Einnig má sjá myndir eftir Brynjar á www.instagram.com/binno. Myndin er tekin með dróna og sýnir fjallið Rongja í bakgrunni Tresfjordkirkju.